

Félagsfundur Alnæmisbarna 29. september 2005

Að lifa með alnæmi

Félagið hélt fyrsta félagsfund vetrarins 29. september sl. Fundurinn var haldinn í Alþjóðahúsinu á Hverfisgötu. Efni fundarins voru tvö fróðleg erindi. Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi HIV-smitaðra sagði okkur frá aðstæðum HIV-smitaðra á Íslandi og Gestur Gíslason sagði okkur nýjustu fréttir af starfi Candle Light Foundation í Kampala.

Alnæmi er alvarlegur sjúkdómur sem hefur breiðst út um allan heim frá því í byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Alnæmi orsakast af veiru sem nefnist HIV og smitast frá einum einstaklingi til annars við ákveðnar aðstæður. Þeir sem eru smitaðir af HIV eru alltaf með veiruna í líkamanum og geta smitað aðra það sem eftir er ævinnar. En það er ekki fyrr en á seinni stigum sem HIV-veiran veldur alnæmi. Aðalsmitleiðir HIV eru eftirfarandi; óvarðar samfarir, ef notaðar eru sprautur eða sprautunálar sem eru mengaðar af HIV, við blóðgjöf ef blóð er sýkt af HIV og frá móður til barns, við fæðingu eða brjóstgjöf.

HIV smitar ekki við venjulega umgengni, snertingu, kossa, mat eða drykk, svita, tárur eða með handabandi. Áhrifamesta vörnin er smokkur. Fyrir nær tíu árum komu fram lyf sem virka vel í að halda niður sjúkdómnum þó þau lækni hann ekki. Þessi lyf hafa reynst mikil framför. Þau koma einnig nær alveg í veg fyrir að mæður smiti börn sín við meðgöngu.

Á Íslandi hafa greinst 176 einstaklingar með HIV-veiruna frá upphafi fyrir um tveimur áratugum. Alls hafa 53 greinst með alnæmi og 36 látist. Um 8-12 manns eru að greinast á ári hverju. Flestir þeir sem greinast nú eru gagnkynhneigðir.

Mikilvægt er að vinna gegn fordómum og styðja og efla þá sem hafa smitast auk þess að vinna að forvörnum. HIV-smitaðir geta lifað eðlilegu og góðu lífi en erfitt er að lifa með ríkjandi fordómum. Eins og alltaf þegar eitthvað hendur okkur er lykilatriði að vinna með andlega líðan og þetta á ekki síst við þá sem greinast með HIV og fjölskyldur þeirra.

Gestur dvaldist í Uganda í sumar við vinnu að jarðhitaleit á vegum Þróunarsamvinnustofnunar. Hann dvaldist nokkuð hjá Candle Light Foundation og sagði okkur frá því sem er helst á döfinni þar. Hann sagði að góður andi hefði svifið yfir vötnum og það leit út fyrir að erfiðleikarnir sem voru fyrri part árs væru að mestu úr sögunni. Hann lagði áherslu á að það þyrfti að auka menntun og hafa Alnæmisbörn ákveðið að kosta laun fyrir kennara fyrir stúlkurnar á staðnum. Verið er að vinna í að

alnæmislyfin fáist ókeypis í gegnum þróunarhjálp sem berst að mestu frá Bandaríkjunum. Nokkuð skortir á að húsnæðinu sé haldið við og þarf að setja fjármagn í það. Hann sagði að það væri mikið sótt til CLF og beðið um pláss. Nauðsynlegt að fara betur yfir hvernig staðið er að inntöku nýrra stúlkna. En Alnæmisbörn hafa mikið verkefni framundan í því að styrkja fleiri stúlkur til náms og styðja við CLF svo hægt sé að sinna fleirum. Kertasalan gengur vel og stúlkurnar og börnin þeirra voru hraust og glöð.